



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Sveitarfélagið Hornafjörður
Bryndís Bjarnason
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Djúpivogur, 5. janúar 2022
MÍ202111-0087/ 6.09 / P.E.H.

Efni: Hálsasker, Öraefi, Sveitarfélagið Hornafjörður - tillaga að deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf stjórnsýslu- og upplýsingafulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 16. nóvember sl. þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um deiliskipulagstillögu að Hálsaskeri. Hægt var að nálgast deiliskipulagstillöguna á heimasíðu sveitarfélagsins en hún er unnin af Kaa ehf., dags. 15.07.2021. Beðist er velvirðingar á þeim tögum sem hafa orðið á afgreiðslu málsins.

Deiliskipulagið nær til 2722m² lóðar í landi Svínafells, Öraefum. Innan skipulagssvæðisins hafa nú þegar verið reist sumarbústaður og gestahús en lóðin sjálf er vel gróin af eldri gróðri og nýjum trjám. Markmið skipulagsins er að framfylgja markmiðum aðalskipulags um eflingu byggðar, styrkja og auka fjölbreytilega atvinnu og menningarlíf í sveitarfélaginu, gera fasta búsetu vænlega á staðnum og gera ábúendum kleift að takmarka kolefnispor sitt með gróðursetningu trjáa og ræktun á eigin matvælum.

Í greinargerðinni er fjallað um mat á umhverfisáhrifum skipulagsins. Þar segir að engar verndaráætlanir vegna lífríkis, náttúru- og menningarminja séu til fyrir lóðina. Áhrif deiliskipulagsins eru metin óveruleg á náttúru og lífríki staðarins. Fyrirhugað er að endurreisa gamla Hnappavallar bæinn á byggingarlóð B1.

Í greinargerðinni kemur fram að engar þekktar jarðlægar minjar séu innan skipulagssvæðisins en fornleifaskráning hafi verið gerð af minjaverði Austurlands. Menningarmiðstöð Hornafjarðar vann fornleifaskráningu fyrir svæðið árið 2017 og birtust niðurstöður hennar í skýrslu; *Deiliskráning innan fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis í landi Svínafells í Öraefum, Sveitarfélaginu Hornafirði. Hálsasker* (gefin út í júní 2017). Sú skráning nær yfir ofangreint skipulagssvæði. Engar skráðar fornleifar eru innan skipulagssvæðisins samkvæmt þeirri fornleifaskráningu.

Uppfæra þarf greinargerð skipulagsins þar sem gert er grein fyrir því að Menningarmiðstöð Hornafjarðar hafi unnið fornleifaskráningu fyrir skipulagssvæðið og að samkvæmt henni séu engar þekktar fornleifar innan þess. Byggingarnar sem er talað um að sé þegar reistar eru ung mannvirki og falla ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

nr. 80/2012. Minjastofnun telur ekki þörf á frekari könnun þeirra. Ekki er gert grein fyrir umhverfisáhrifum skipulagsins á menningarminjar þó þeirra sé þar getið. Áhrif skipulagsins á menningarminjar eru óveruleg þar sem engar þekktar minjar eru innan svæðisins.

Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillögu Hálsaskers en fram koma hér að ofan. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Uppfærð deiliskipulagstillaga þarf að berast stofnuninni til umsagnar þar sem brugðist hefur verið við athugasemdum stofnunarinnar hér að ofan.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Purrður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Bryndís Bjarnason (bryndis@hornafjordur.is)

Brynja Dögg Ingólfssdóttir (brynja@hornafjordur.is)

Skipulagssvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar (skipulag@hornafjordur.is)